
# Tengja posa frá Straumi

Síðast uppfært 15/09/2026 3:32 pm BST




## Hvernig virkar posatenging?

Hægt er að tengja posa frá Straumi við sölukerfi Noona. Með því hoppar upphæðin beint í posann um leið og þú velur greiðslukort sem greiðsluáta í sölukerfi Noona og reikningurinn merkist sem greiddur um leið og posafærslan fer í gegn. Þetta tryggir það að reikningar séu að stemma við færslur í posanum, réttur posi sé valinn við afgreiðslu og síðan skapar þetta auðvitað aukin þægindi & tímasparnað.

## Setja upp posatengingu

Ert þú að nota Noona HQ í vafra eða appið? Það skiptir ekki máli á hvorum staðnum þú tengir posann en hér fyrir neðan eru leiðbeiningar fyrir hvoru tveggja.

**Ertu verktaki?**

Áður en þú byrjar á því að tengja posann passaðu þá upp á að eftirfarandi atriði séu í lagi:

1. Þú ert skráð/-ur inn á þinn eigin Noona HQ aðgang. Ef þú ert ekki viss geturðu farið undir **Stillingar -> Almennt** og séð þar netfangið sem er innskráð.

2. Sért skráð/-ur sem verktaki í sölukerfinu. Smelltu hér til þess að finna upplýsingar um hverngi það er gert.


3. Nú er allt klárt og þú getur fylgt leiðbeiningunum hér að neðan.

1. Farðu í **Valmyndina** sem þú finnur uppi í vinstra horninu (ef þú ert í vafra) en niðri í hægra honinu (ef þú ert í appinu). Svona lítur merkið út:




2. Því næst skrollarðu neðst niður undir **Stillingar → Greiðsluleiðir** sem þú finnur undir **Sala** (ef þú ert í vafra) eða smellir á **Þrjá punktana** uppi í hægra horninu → **Stillingar → Greiðsluleiðir** (ef þú ert í appinu).

Ef þú ert með hlutverkastillingar sem kallast **Starfsmaður** í Noona HQ getur þú ekki séð flipann **Greiðslumáti.** Því myndir þú fyrst þurfa að biðja eiganda um leyfi fyrir þessum stillingum.





3. Nú smellirðu á **Mínir posar → Tengja Straums posa.**




Athugið að það er ekki nóg að vera skráður inn á hvaða eiganda aðgang sem er heldur þarf það að vera aðgangurinn sem er tengdur útgefandanum eða sama netfang og er skráð hjá færsluhirðinum.

4. Nú opnast gluggi þar sem þú þarft að setja inn **Merchant ID** og **API ykil**. Þegar það er klárt smellirðu á **tengjast.**




**Veistu ekki hvar User ID og API lykilinn er?**

Þú færð Merchant ID og API lykill sent með öruggum hætti í tölvupósti frá Straumi á þitt skráða netfang. Þessar upplýsingar notar þú til þess að setja inn í reitina í skrefi 4.

5. Velur réttan posa út frá S/N númerinu sem þú finnur aftan á posanum þínum.

6. Velur hvaða útgefanda á að tengja við posann.

7. Ef þú ert nú þegar með tengdan posa smellirðu á gamla posann sem er nú þegar tengdur undir greiðsluleiðir og smellir á ***aftengja frá útgefanda***.

Nú er allt klárt og upphæðin úr sölukerfinu byrjar að hoppa inn í posann!

---

Ef þú ert með einhverjar spurningar ekki hika við að hafa samband í gegnum spjallbúbbluna. Hlökkum til að heyra frá þér!

---